

Tillaga fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um opna móttöku velferðarráðs.

Lagt er til að velferðarráðsfulltrúar hafi opna skrifstofu sem hafi það hlutverk að taka á móti þeim er sækja sér þjónustu velferðarsviðs, hafa sótt um þjónustu sviðsins eða vilja koma á framfæri sínum málefnum og hugleiðingum er falla undir verksvið velferðarsviðs og velferðarráðs. Hlutverk móttökunnar verði það að leitast við að fá að heyra milliliðalaust þær raddir sem þekkja til málanna sem eru til umfjöllunar innan velferðarráðs. Markmiðið með opinni móttöku velferðarráðs verði að hlusta á raddir borgarbúa sem nýta sér þjónustu velferðarsviðs eða þjónustu sem er mótuð af velferðarráði eða gæti fallið þar undir. Með því að hlusta beint á þarfir þeirra einstaklinga og fjölskyldna vegna mála er heyra undir verksvið velferðarráðs tryggjum við það að fulltrúar ráðsins séu í beinum samskiptum við fólkið sem kemur til með að nota þjónustu velferðarsviðs. En sviðið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs. Velferðarráði er falið að útfæra hvenær og hvar skrifstofan yrði opin.

Greinargerð:

Á vef Reykjavíkurborgar má lesa nánar um starf velferðarráðs en þar kemur fram að velferðarráð fari með verkefni félagsmálanefndar skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og með verkefni húsnaðisnefndar skv. lögum um húsnaðismál nr. 44/1998 nr. 44/1998. Þar að auki mótast velferðarráð stefnu í velferðarþjónustu, svo sem félags-, heilbrigðis-, húsnaðis- og öldrunarmálum, tekur ákvarðanir í þeim málaflokkum og gerir tillögur til borgarráðs um verksvið þess. Ráðið hefur jafnframt eftirlit með samþykktum og að stefnumörkun sé fylgt.

Til að móta sem besta stefnu í öllum þeim málefnum sem velferðarráð kemur að, er mikilvægt að heyra í fólkinu sem stefnurnar viðkoma eða koma til með að viðkoma. Því er lagt til að velferðarráðsfulltrúar sem eru sjö talsins, taki að sér að opna móttöku fyrir þá sem nota þjónustu sem er mótuð af stefnumótun velferðarráðs eða telja sig eiga að geta sótt í þá þjónustu. Hlutverk móttökunnar, sem líta má á sem opna skrifstofu, verði að einstaklingar eða fjölskyldur fái rými til þess að tala beint við kjörna fulltrúa sem sitja í velferðarráði. Móttakan verði hugsuð sem vettvangur fyrir einstaklinga og/eða fjölskyldur til að tjá sig þar sem stjórnmalafólkið ljáir þeim eyra. Móttakan verði hugsuð sem skrifstofa, þar sem velferðarráðsfulltrúar skipti með sér mönnun skrifstofunnar, þar er talið æskilegast að um 3-4 velferðarráðsfulltrúar taki á móti aðilum og hlusti á mál þeirra, í stað þess að einn aðili mæti mögulega sjö velferðarráðsfulltrúum í einu.

Fundur velferðarráðs einkennast einna helst af samtali velferðarráðsfulltrúa við hvert annað og samtölum þeirra við starfsfólk velferðarsviðs sem annast framkvæmd velferðarþjónustu og starfar gjarnan nær borgarbúum en velferðarráðsfulltrúar. Til að ná beinni tengingu við fólkið sem á í hlut, í málefnum sem heyra undir stefnumótun velferðarráðs og velferðarsviðs og til þess að hægt sé að vera meðvitaður um öll þau málefni sem eigi við velferðarráð, er einnig mikilvægt að eiga í beinu samtali við þá sem nota þá þjónustu sem boðið er upp á og/eða þá sem koma til með að nota þá þjónustu. Mikilvægt er að tryggja að raddir þeirra sem eiga í hlut, eigi greiðan aðgang að borði velferðarráðs.